



FUNDARGERÐ

PENINGASTEFNUNEFND



2024

ÁGÚST
123. fundur
Birt 4. september 2024

Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands

Ágúst 2024 (123. fundur)

Birt: 4. september 2024

Í lögum um Seðlabanka Íslands segir að ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans í peningamálum séu teknar af peningastefnunefnd og að opinberlega skuli birta fundargerðir peningastefnunefndar og gera grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar og forsendum þeirra. Á grundvelli þessa birtir peningastefnunefnd fundargerðir tveimur vikum eftir að ákvarðanir hennar eru kynntar. Í fundargerðunum koma m.a. fram upplýsingar um hvernig atkvæði einstakra nefndarmanna féllu við ákvarðanir nefndarinnar.

Hér birtist fundargerð fundar peningastefnunefndarinnar 19.-20. ágúst 2024, en á honum ræddi nefndin efnahagsþróunina, þróun á fjármálamörkuðum, ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans í peningamálum og kynningu þeirra ákvarðana 21. ágúst.

I Þróun í efnahags- og peningamálum

Áður en nefndarmenn fjölluðu um ákvarðanir í peningamálum ræddu þeir innlenda fjármálamarkaði, fjármálalegan stöðugleika, horfur í heimsbúskapnum og utanríkisviðskiptum Íslands, innlandan þjófbarbúskap og verðbólgu, með hliðsjón af upplýsingum sem hafa komið fram frá síðasta fundi nefndarinnar 8. maí 2024 eins og þær birtust í uppfærðri spá í *Peningamálum 2024/3* hinn 21. ágúst.

Fjármálamarkaðir

Frá fundi peningastefnunefndar í maí hafði gengi krónunnar lækkað um 0,7% gagnvart viðskiptaveginni gengisvísitölu. Seðlabankinn átti engin viðskipti með gjaldeyri á tímabilinu.

Taumhald peningastefnunnar miðað við raunvexti Seðlabankans jókst frá fundi nefndarinnar í maí. Raunvextir bankans voru 4,2% miðað við meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar til eins árs og voru 0,3 prósentum hærrí en rétt eftir birtingu vaxtaákvörðunar nefndarinnar í maí. Miðað við ársverðbólgu lækkuðu þeir hins vegar um 0,3 prósentur á sama tímabili og voru 2,8%.

Vextir á ótryggðum innlánnum í viðskiptum til einnar nætur (IKON) lækkuðu lítillega á milli funda nefndarinnar. Vextir á millibankamarkaði með krónur lækkuðu einnig lítillega á sama tíma og var velta á millibankamarkaði 13 ma.kr. á tímabilinu. Ávöxtunarkrafa lengri óverðtryggðra ríkisbréfa hækkaði um allt að 0,3 prósentur frá fundinum í maí en krafa lengri verðtryggðra ríkisbréfa hækkaði um allt að 0,1 prósentu á sama tíma. Meðalvextir verðtryggðra íbúðalána hækkuðu lítillega milli funda ásamt föstum vöxtum óverðtryggðra íbúðalána.

Skammtíamavaxtamunur miðað við þriggja mánaða millibankavexti jókst um 0,2 prósentur milli funda og var 4,1 prósentu gagnvart Bandaríkjunum og 6,1 prósentu gagnvart evrusvæðinu. Langtíamavaxtamunur jókst einnig um 0,6 prósentur gagnvart Bandaríkjunum og nam 3,4 prósentum og um 0,2 prósentur gagnvart Þýskalandi og nam 5 prósentum. Skuldatryggingarálag á fimm ára skuldbindingar ríkissjóðs í Bandaríkjadöllum var nánast óbreytt milli funda og var 0,4%. Vaxtamunur á evruútgáfu ríkissjóðs gagnvart þýskum ríkisskuldabréfum breyttist jafnframt lítið og var 0,8-0,9 prósentur.

Samkvæmt ársfjórðungslegri könnun Seðlabankans á væntingum markaðsaðila sem framkvæmd var í ágúst væntu markaðsaðilar þess að meginvextir Seðlabankans hefðu náð hámarki í 9,25%. Þeir gerðu ráð fyrir að

meginvextir yrðu lækkaðir á fjórða fjórðungi ársins sem er seinna en búist var við í síðustu könnun í apríl. Þá gerðu þeir ráð fyrir að meginvextir lækki heldur hægar en í síðustu könnun og yrðu 7,75% eftir eitt ár og 6,25% eftir tvö ár. Hlutfall þeirra sem töldu taumhald peningastefnunnar of þétt minnkaði milli kannana og var 52% samanborið við 62% í aprílkönnuninni. Á móti fjölgaði þeim sem töldu taumhaldið hæfilegt í 40% samanborið við 34% í apríl og þeim sem töldu taumhaldið of laust í 8% úr 3% í síðustu könnun.

Greiningardeildir fjármálafyrirtækja væntu þess að peningastefnunefnd myndi halda vöxtum óbreyttum. Vísuðu þær til þess að verðbólga hefði aukist í sumar og væri talsvert yfir markmiði og að undirliggjandi verðbólguþrýstingur væri á breiðum grunni. Þá væri enn spennan á vinnumarkaði og mikill þróttur á húsnæðismarkaði þótt áhrif flutninga Grindvíkinga liti þá þróun að einhverju leyti. Aftur á móti væru vísbendingar um minnkandi umsvif í hagkerfinu framundan og áhrif núverandi taumhalds peningastefnunnar væru ekki að fullu komin fram.

Ársvöxtur víðs peningamagns (M3) var tæplega 12% í júní og líkt og áður skýra innlán heimila stærstan hluta aukningarinnar. Ársvöxtur útlána lánakerfisins var 7,1% í júní og hefur aukist lítillega á árinu. Útlán til heimila jukust um 6,1% milli ára í júní og hefur vöxturinn verið stöðugur undanfarin misseri. Útlán til fyrirtækja jukust um tæp 9% milli ára og hefur ársvöxturinn aukist í ár.

Úrvalsvísitala Kauphallarinnar, OMXI15, hækkaði um 2,1% milli funda nefndarinnar. Velta á aðalmarkaði nam 542 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins sem er um 16% meiri velta en á sama tímabili árið á undan.

Alþjóðleg efnahagsmál og utanríkisviðskipti

Samkvæmt spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem birt var í júlí sl., er gert ráð fyrir að hagvöxtur í heiminum verði 3,2% í ár. Það er jafn mikill vöxtur og sjóðurinn spáði í apríl. Nú er hins vegar talið að heimshagvöxtur aukist í 3,3% á næsta ári eða 0,1 prósentu meira en í síðustu spá. Það má rekja til lítilla betri hagvaxtarhorfa í nýmarkaðs- og þróunarríkjum, einkum í Kína og Indlandi, en horfur í þróuðum ríkjum heims eru heilt yfir óbreyttar. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir því að verðbólga í heiminum verði 5,9% í ár og 4,4% á næsta ári eða áþekk og spáð var í apríl. Sjóðurinn býst þó við heldur minni verðbólgu í nýmarkaðs- og þróunarríkjum en á móti hafa verðbólguhorfur versnað lítillega í þróuðum ríkjum heims vegna þrálátari árshækkunar þjónustuverðs og hærra hrávöruverðs.

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands mældist halli á vöruskiptajöfnuði 98 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi ársins og 155 ma.kr. á fyrri helmingi ársins samanborið við 128 ma.kr. halla á fyrri helmingi ársins í fyrria á föstu gengi. Útflutningsverðmæti vöru dróst saman um 2½% milli ára en þar vó þungt minna verðmæti ál- og sjávarafurða. Á sama tíma jókst verðmæti innflutnings um 2½% en án skipa og flugvéla mældist um 1% vöxtur. Verðmæti allra helstu undirflokka innflutnings jókst á milli ára nema verðmæti flutningatækja vegna samdráttar í innflutningi fólksbíla.

Heimsmarkaðsverð á áli lækkaði um liðlega 2% frá maífunði nefndarinnar og var um 2.470 Bandaríkjadaliir á tonnið á ágústfundinum. Það er þó rúmlega 5% hærra verð en var í byrjun þessa árs og 18% hærra en í ágúst í fyrria. Bráðabirgðatölur Hagstofu Íslands benda til þess að verð sjávarafurða í erlendum gjaldmiðlum hafi lækkað lítillega á milli fjórðunga á öðrum ársfjórðungi og hafi verið um 2% lægra á fyrri helmingi ársins í ár en á sama tíma í fyrria. Heimsmarkaðsverð á Brent-hráolíu lækkaði um rúmlega 7% milli funda nefndarinnar og var um 77 Bandaríkjadaliir á tunnu á ágústfundinum. Það er áþekkt verð og í upphafi þessa árs en hátt í 9% lægra en var í ágúst í fyrria. Annað hrávöruverð hafði einnig lækkað frá fundinum í maí.

Raugengi miðað við hlutfallslegt verðlag hækkaði um 0,8% milli mánaða í júlí og var þá um 12% yfir meðaltali síðasta aldarfjórðungs og 2,7% hærra en í desember 2019. Raugengi á þann mælikvarða hækkaði um 4,3% milli ára á fyrsta sjö mánuðum ársins og má rekja hækkunina til 0,7% hækkunar nafngengis krónu en verðbólga hér á landi var 3,6 prósentum meiri en að meðaltali í viðskiptalöndum Íslands.

Innlendur þjóðarbúskapur og verðbólga

Samkvæmt bráðabirgðatölum sem Hagstofan birti í lok maí dróst landsframleiðsla á fyrsta ársfjórðungi saman um 4% milli ára sem er svipaður samdráttur og gert var ráð fyrir í maíhefti *Peningamála*. Neikvæð áhrif birgðabreytinga skýra stóran hluta samdráttarins en neikvætt 3,5 prósentna framlag þeirra til hagvaxtar má að miklu leyti rekja til þess að engar loðnubirgðir söfnuðust upp á fjórðungnum ólíkt því sem var árið áður vegna loðnubrests í ár. Að birgðabreytingum frátöldum jókst innlend eftirspurn hins vegar um 0,9% milli ára sem er lítillega meiri vöxtur en gert var ráð fyrir í maí.

Þróun einkaneyslu á fyrsta ársfjórðungi var kröftugri en áætlað var og í betra samræmi við nýlega endurskoðun á kortaveltutölum sem sýna meiri vöxt útgjalda heimila á fjórðungnum en fyrri tölur um kortaveltu bentu til. Þessar nýju kortaveltutölur benda jafnframt til áframhaldandi vaxtar einkaneyslu á öðrum fjórðungi ársins. Aðrar vísbendingar gefa hins vegar ekki eins afdráttarlausu mynd af þróuninni. Svartsýni heimila hefur aukist frá fyrsta fjórðungi ársins og eins hafa nýskráningar bifreiða án bílaleiga dregist saman. Grunnspá bankans gerir því ráð fyrir að einkaneysla hafi staðið í stað milli ára á fjórðungnum sem er svipað og gert var ráð fyrir í maí.

Samkvæmt niðurstöðum sumarkönnunar Gallup sem framkvæmd var í maí og júní meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins voru viðhorf fyrirtækja til núverandi efnahagsaðstæðna nokkru betri en í vorkönnuninni. Væntingar stjórnenda til næstu sex mánaða voru einnig nokkru betri þar sem um þriðjungur stjórnenda taldi að aðstæður í efnahagslífinu batni eftir sex mánuði eða litlu fleiri en í vor. Helmingur stjórnenda taldi að aðstæður í efnahagslífinu muni verða óbreyttar á næstu sex mánuðum. Stjórnendur voru þó litlu svartsýnni um innlenda eftirspurn en á móti litlu bjartsýnni um erlenda eftirspurn en í vorkönnuninni.

Samkvæmt árstíðarleiddréttum niðurstöðum sumarkönnunar Gallup var munur á hlutfalli fyrirtækja sem vildu fjölga starfsfólki og þeirra sem vildu fækka því á næstu sex mánuðum um 10 prósentur. Munurinn minnkaði milli kannana og var nálægt sögulegu meðaltali. Tæplega 30% stjórnenda töldu vera skort á starfsfólki, töluvert færri en í síðustu könnun, en enn segist liðlega helmingur fyrirtækja starfa við full afköst. Bæði hlutföll eru enn yfir sögulegu meðaltali.

Samkvæmt niðurstöðum vinnumarkaðskönnunar Hagstofunnar (VMK) fjölgaði heildarvinnustundum um 4,5% milli ára á öðrum ársfjórðungi. Þar af fjölgaði störfum um 4,9% en á móti vó 0,3% styttri meðalvinnuvika. Ársfjölgun launafólks á staðgreiðsluskrá var hins vegar um helmingi minni en fjölgun starfa í VMK á fjórðungnum eða 2,3% og hefur hægt á fjölgun starfa á þennan mælikvarða nær samfellt frá því um vorið 2023. Samkvæmt árstíðarleiddréttum niðurstöðum VMK var atvinnuþátttaka nálægt sögulegu hámarki og minnkaði atvinnuleysi í 3,1% á fjórðungnum. Árstíðarleiddrétt skráð atvinnuleysi mældist hins vegar 3,5% og jókst lítillega milli fjórðunga.

Launavísitalan hækkaði um 2,4% milli fjórðunga og um 6,6% milli ára á öðrum fjórðungi en kaupmáttur launa jókst um 0,5% á sama tíma.

Húsnæðisverðsvísitala Hagstofunnar fyrir allt landið hækkaði um 2,2% milli mánaða í júlí að teknu tilliti til árstíðarsveiflu en um 9,9% milli ára. Vísitala íbúðaverðs á landinu öllu, sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun reiknar út, hækkaði um 1,4% milli mánaða en 9,1% milli ára í júní. Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 9,8% milli ára en á landsbyggðinni hækkaði hún um 7,2%. Þinglýstum kaupsamningum á landinu öllu fjölgaði um tæp 72% milli ára á fyrstu sex mánuðum ársins frá sama tíma í fyrra en kaupsamningum um nýbyggingar um 86,3% á sama tímabili. Aukna veltu má að hluta rekja til uppkaupa fasteignafélagsins Þórköttlu og flutninga Grindvíkinga. Meðalsölutími íbúða á landinu öllu lengdist aftur milli mánaða í júní og mældist 3,3 mánuðir en íbúðum til sölu hefur fjölgað lítillega á síðustu þremur mánuðum.

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,46% milli mánaða í júlí og mældist ársverðbólga 6,3%. Hún jókst því nokkuð frá því í júní. Verðbólga án húsnæðis jókst einnig og mældist 4,2% og því hefur munurinn á milli verðbólgu með og án húsnæðis aukist lítillega á ný milli mánaða. Undirliggjandi verðbólga jókst jafnframt milli mánaða og mældist 5,3% miðað við meðaltal ólíkra mælikvarða.

Verðhækkunir á flugfargjöldum til útlanda og matvöru höfðu mest áhrif á vísitölu neysluverðs í júlí. Árs-
hækkun mat- og drykkjarvöru jókst á ný eftir að hafa lækkað frá áramótum. Heildaráhrif af sumarútsölum á
verðbólgu voru lítillega minni en á sama tíma fyrir ári. Reiknuð húsaleiga hækkaði um 0,5% milli mánaða og
er það minnsta mánaðarhækkun liðarins frá því í ágúst 2023. Undirliðurinn hefur hækkað um 13,6% milli ára
og skýrir enn tæplega helming ársverðbólgu. Í júní sl. breytti Hagstofan um aðferðafræði við útreikning á
reiknaðri húsaleigu þegar tekin var upp aðferð húsaleiguígildis. Líklegt er að breytt aðferð muni draga úr
sveiflum í húsnæðislið vísitölunnar.

Samkvæmt könnun Seðlabankans á væntingum markaðsaðila voru verðbólguvæntingar þeirra að mestu
óbreyttar frá aprílkönnuninni og búast þeir við að verðbólga verði 4% eftir tvö ár. Langtímaverðbólguvænt-
ingar markaðsaðila höfðu jafnframt lítið breyst, hvort sem horft er til síðustu könnunar eða til þeirrar sem var
gerð á sama tíma í fyrra. Þeir gera ráð fyrir að verðbólga verði að meðaltali 3,6% á næstu tíu árum sem er
lítillega meira en í apríl. Í sumarkönnunum Gallup gera heimili og fyrirtæki ráð fyrir því að verðbólga verði 5-
6% að ári liðnu. Stjórnendur fyrirtækja búast áfram við því að verðbólga verði að meðaltali 4% á næstu fimm
árum en heimilin eru svartsýnni. Þá hefur verðbólguálag á skuldabréfamarkaði tekið að hækka á ný frá því í
maí og mældist um 4,2% um miðjan ágúst.

Samkvæmt spánni sem birtist í *Peningamálum* 21. ágúst 2024 eru horfur á að ársverðbólga verði 6,3% á
þriðja ársfjórðungi og að hún minnki í 5,8% á síðasta fjórðungi ársins sem er heldur meiri verðbólga en búist
var við í maí. Það skýrist af lakari upphafsstöðu en verðbólguhorfur hafa í raun lítið breyst frá maíspánni.
Spennan í þjóðarþúskapnum er talin vera lítillega minni en að hún snúist í slaka á næsta ári eins og áður var
talið. Ennfremur er útlit fyrir að launakostnaður aukist heldur minna á þessu og næsta ári en áður var búist
við. Á móti vegur að verðbólguvæntingar hafa lítið breyst og kjölfesta þeirra við markmið hefur laskast. Spáð
er að verðbólga verði 3,6% í lok næsta árs og verði komin í markmið á seinni hluta árs 2026 skilyrt á vaxtaferil
grunnspárinna.

Alþjóðlegar hagvaxtarhorfur hafa lítið breyst frá því í maíspá *Peningamála*. Talið er að hagvöxtur í helstu
viðskiptalöndum verði að meðaltali 1,3% í ár en þokist upp í liðlega 1½% á næstu tveimur árum. Óvissa um
alþjóðlegar efnahagshorfur hefur þó aukist. Alþjóðleg verðbólga hefur minnkað áfram það sem af er ári og
fleiri seðlabankar iðnríkja eru teknir að lækka vexti. Eins og í maí er talið að verðbólga haldi áfram að hjaðna
í helstu iðnríkjum og verði komin í markmið á seinni hluta næsta árs.

Hratt dró úr hagvexti hér á landi er leið á síðasta ár og á fyrsta fjórðungi þessa árs dróst landsframleiðsla
saman um 4% milli ára en í maí var gert ráð fyrir 3,7% samdrætti. Neikvæð áhrif minni birgðasöfnunar vegna
loðnubrests í upphafi þessa árs vega þungt en ef birgðabreytingar eru frátaldar jókst innlend eftirspurn um
0,9% milli ára á fjórðungnum en í maí var búist við 0,6% vexti. Talið er að landsframleiðsla hafi aukist um 2%
milli ára á öðrum fjórðungi ársins og að hagvöxtur í ár verði einungis 0,5% en í maí var spáð 1,1% hagvexti.
Skýrist fráviknið fyrst og fremst af lakari horfum í ferðapjónustu. Hagvaxtarhorfur fyrir næstu tvö ár hafa einnig
versnað lítillega frá því í maí.

Hægt hefur á fjölgun starfa frá því á fyrri hluta síðasta árs. Atvinnuleysi hefur hins vegar lítið breyst enda
hefur atvinnupátttaka aukist á móti fjölgun starfa. Atvinnuleysi mælist enn lítið þótt vísbendingar séu um
minnkandi spennu á vinnumarkaði. Talið er að framleiðsluspennan haldi áfram að minnka og snúist í lítillegan
slaka um mitt næsta ár sem er svipað og spáð var í maí.

Ástandið í alþjóðlegum efnahagsmálum er sem fyrr tvísýnt, ekki síst vegna stríðsátaka í Úkraínu og fyrir botni
Miðjarðarhafs. Hagvöxtur í helstu viðskiptalöndum hefur verið lítill og óvissa er um hversu traustum fótum
hann hvílir á. Hér á landi hefur hægt á umsvifum í ferðapjónustu og hagvaxtarhorfur gætu verið of bjartsýnar
ef atvinnugreinin gefur enn frekar eftir. Hagvöxtur gæti hins vegar reynst vanmetinn í ljósi mikils uppsafnaðs
sparnaðar sem heimilin gætu kosið að ganga hraðar á en spáin gerir ráð fyrir. Töluverð óvissa er einnig um
þróun verðbólgu á spátímanum, ekki síst í ljósi laskaðrar kjölfestu verðbólguvæntinga sem gæti valdið því
að verðbólga verði þrálátari en spáð er. Þá bætist við óvissa um áhrif boðaðra breytinga á skattlagningu
bifreiðanotkunar um næstu áramót á mælda verðbólgu.

II Ákvarðanir um stjórnæki bankans í peningamálum

Á fundi nefndarinnar í ágúst var rætt um taumhald peningastefnunnar í ljósi framvindu efnahagsmála og þróunar raunvaxta frá maifundi nefndarinnar. Rætt var um hvort taumhaldið væri hæfilegt í ljósi verðbólguhorfa en nefndin ákvað á fundi sínum í maí að halda vöxtum óbreyttum. Á þeim fundi var horft til þess að verðbólga hafði áfram hjaðnað og hægt á vexti innlendrar eftirspurnar. Spennan í þjóðarbúskapnum virtist þó hafa verið meiri en áður hafði verið talið og útlit var fyrir að verðbólga myndi minnka hægjar.

Nefndarmenn ræddu verðbólguþróun og að verðbólga hefði aukist lítillega frá síðasta fundi nefndarinnar í maí eftir að hafa hjaðnað fram eftir ári. Undirliggjandi verðbólga hefði einnig aukist á milli funda og væri enn mikil auk þess sem verðhækkningar væru á breiðum grunni þótt húsnæðisliðurinn vægi enn þungt. Rætt var um að verðbólguvæntingar hefðu einnig lítið breyst og haldist yfir markmiði.

Nefndin fjallaði um að hægt hefði á innlendri eftirspurn undanfarið ár í takt við aukið peningalegt taumhald. Nokkur spenna væri þó enn til staðar í þjóðarúinu og byggt á nýjustu gögnum hefði lítið dregið úr henni frá maifundi nefndarinnar. Taldi nefndin því að horfur væru á að það gæti tekið nokkurn tíma að ná fram ásættanlegri hjöðnun verðbólgu.

Allir nefndarmenn voru sammála um að halda vöxtum óbreyttum. Verðbólga væri áfram þrálát og verðbólguvæntingar hefðu lítið breyst. Þótt hægt hefði á umsvifum í þjóðarbúskapnum frá því í fyrra væri staðan að mörgu leyti svipuð og hún var á maifundinum. Nefndin taldi að innlend eftirspurn væri enn nokkuð sterk og fáar vísbendingar væru um að efnahagslífið hefði kólnað frá síðasta fundi nefndarinnar, hvort sem lítið væri til vinnu- eða húsnæðismarkaðar. Þá virtust launahækkningar undanfarna mánuði og aðgerðir í ríkisfjármálum í tengslum við kjarasamninga hafa stutt við eftirspurn. Launahækkningar endurspegluðust einnig að hluta til í miklum vexti innlána heimila í takt við hækkun vaxta. Sparnaðarstig heimila væri enn tiltölulega hátt og jákvætt væri að sjá hversu vel miðlunin hefði gengið í gegnum þennan farveg undanfarin misseri þótt mikill sparnaður gæti hugsanlega ýtt undir eftirspurn horft fram á veginn. Þá væri einnig ljóst að uppkaup ríkisins á íbúðarhúsnæði í Grindavík hefðu haft hvetjandi áhrif á fasteignamarkaðinn en að mati nefndarinnar væru þau áhrif tímabundin. Hins vegar þótt lítið væri framhjá áhrifum vegna flutninga Grindvíkinga virtust umsvif á húsnæðismarkaði vera nokkuð sterk.

Fram kom í umræðunni að í ljósi kröftugra efnahagsumsvifa og hversu þrálát verðbólga væri gæti verið þörf á því að hafa taumhald peningastefnunnar þétt í lengri tíma en ella enda tæki nokkurn tíma fyrir aðhald peningastefnunnar að hafa tilætluð áhrif. Það ætti sérstaklega við þegar verðbólga hefði verið lengi yfir markmiði og kjölfesta verðbólguvæntinga við markmið hefði veikst. Einnig væri vandasamt að hægja á eftirspurn í ljósi viðvarandi hækkana launa og aukinna tilfærslna frá hinu opinbera. Bent var á að hugsanlega væri erfitt að ná verðbólgu niður í markmið innan ásættanlegs tíma nema hægja verulega á efnahagsumsvifum.

Nefndin taldi því að í ljósi þess að enn væru hvorki komnar fram nægjanlega skýrar vísbendingar um að verðbólguþrýstingur væri að minnka né að verðbólguvæntingar færu lækkandi þyrfti taumhald peningastefnunnar áfram að haldast þétt. Þótt vaxtahækkningar bankans hefðu skilað árangri í að draga úr spennu og stuðla að hjöðnun verðbólgu væri þróunin hægari en reiknað var með.

Með hliðsjón af umræðunni lagði seðlabankastjóri til að vextir bankans yrðu óbreyttir. Meginvextir bankans, þ.e. vextir á sjö daga bundnum innlánnum, yrðu 9,25%, innlánsvextir (vextir á viðskiptareikningum) 9%, vextir af lánnum gegn veði til sjö daga 10% og daglánvextir 11%. Allir nefndarmenn samþykktu tillöguna.

Nefndin taldi að núverandi aðhaldsstig væri hæfilegt til þess að koma verðbólgu í markmið en þrálát verðbólga og kraftur í innlendri eftirspurn kallaði á varkárni. Mótun peningastefnunnar myndi sem fyrr ráðast af þróun efnahagsumsvifa, verðbólgu og verðbólguvæntinga.

Eftirfarandi nefndarmenn sátu fundinn:

Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar

Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu

Tómas Brynjólfsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika

Herdís Steingrímsdóttir, dósent, utanaðkomandi nefndarmaður

Ásgerður Ósk Pétursdóttir, lektor, utanaðkomandi nefndarmaður

Þórarinn G. Pétursson, aðalhogfræðingur Seðlabankans, sat allan fund nefndarinnar. Þar að auki sátu nokkrir starfsmenn Seðlabankans hluta fundarins.

Karen Á. Vignisdóttir ritaði fundargerð.

Næsta yfirlýsing peningastefnuneftardarinnar verður birt miðvikudaginn 2. október 2024.